

Valfrjáls bókun við samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna,

sem minnst 5. gr. mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna⁽¹⁾ 7. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnómáleg réttindi⁽²⁾, yfirlýsingar um vernd allra manna gegn því að verða pyndaðir og að hljóta aðra grimmilega, ómannlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu⁽³⁾ og ályktunar sinnar nr. 39/46 frá 10. desember 1984, en með henni samþykkti það og lagði fram til undirritunar, fullgildingar og aðildar samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu og sem minnst allra síðari viðkomandi ályktana,

sem áréttar að frelsi frá pyndingum er réttur sem verður að verja undir öllum kringumstæðum,

sem hefur í huga að á heimsráðstefnunni um mannréttindi, sem var haldin í Vínarborg dagana 14. til 25. júní 1993, var því eindregið lýst yfir að viðleitni til þess að útrýma pyndingum skyldi fyrst og fremst beinast að forvörnum, jafnframt því að gerð var krafa um skjóta samþykkt valfrjálsrar bókunar við samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem skyldi þjóna þeim tilgangi að koma á fyrirkomulagi forvarna sem fælist í reglulegum heimsóknum á staði þar sem einstaklingar eru í gæslu,

sem fagnar samþykkt draga að valfrjálsri bókun við samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem Mannréttindaráðið gerði með ályktun sinni nr. 2002/33 frá 22. apríl 2002⁽⁴⁾ og Efnahags- og félagsmálaráðið með ályktun sinni nr. 2002/27 frá 24. júlí 2002 þar sem ráðið mælti með því við allsherjarþingið að drögin að hinni valfrjálsri bókun yrðu samþykkt,

1. samþykkir valfrjálsu bókunina við samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem viðaukinn við ályktun þessa inniheldur og fer fram á við aðalframkvæmdastjórnann að hann leggi hana fram til undirritunar, fullgildingar og aðildar í höfuðstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York frá 1. janúar 2003,

⁽¹⁾ Ályktun 217 A (III).

⁽²⁾ Sjá ályktun 2200 A (XXI), viðauki.

⁽³⁾ Ályktun 3452 (XXX), viðauki.

⁽⁴⁾ Sjá opinberar skýrslur Efnahags- og félagsmálaráðsins, 2002, viðbætur nr. 3 (E/2002/23), II. kafli, liður A.2003.

2. hvetur öll ríki, sem hafa undirritað, fullgilt eða gerst aðilar að samningnum gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, til þess að undirrita og fullgilda eða gerast aðilar að hinni valfrjálsu bókun.

Viðauki.

Valfrjáls bókun við samninginn gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

Formálsorð.

Aðildarríkin að bókun þessari,

sem áréttu að pyndingar og önnur grimmileg, ómannleg eða vanvirðandi meðferð eða refsing eru bannaðar og teljast alvarlegt brot á mannréttindum,

sem eru þess fullviss að frekari ráðstafanir séu nauðsynlegar til þess að tilgangi samningsins gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu verði náð (hér á eftir nefndur samningurinn) og til þess að auka vernd einstaklinga, sem hafa verið sviptir frelsi sínu, gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu,

sem hafa í huga að ákvæði 2. og 16. gr. samningsins skuldbinda sérhvert aðildarríki til þess að grípa til skilvirkra aðgerða til að koma í veg fyrir pyndingar og aðra grimmilega, ómannlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu á sérhverju yferráðasvæði í lögsögu sinni,

sem viðurkenna að frumskylda ríkja er að framfylgja ákvæðum fyrrnefndra greina, að aukin vernd einstaklinga sem hafa verið sviptir frelsi sínu og full virðing fyrir mannréttindum þeirra er sameiginleg ábyrgð allra og að alþjóðlegir framkvæmdaaðilar auka við og styrkja aðgerðir innanlands,

sem hafa í huga að ef forvarnir gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu eiga að skila árangri er þörf á að uppfæra og samtvinna ýmsar aðgerðir á sviði löggjafar, stjórnsýslu, réttarfars og aðrar aðgerðir,

sem minnst þess einnig að á heimsráðstefnunni um mannréttindi var því staðfastlega lýst yfir að viðleitni til að útrýma pyndingum skyldi fyrst og fremst beinast að forvörnum og enn fremur var kallað eftir því að samþykkt yrði valfrjáls bókun við samninginn í því skyni að koma á fyrirkomulagi forvarna með reglubundnum heimsóknum á staði þar sem einstaklingar eru í gæslu,

sem eru sannfærð um að hægt sé að auka vernd einstaklinga, sem hafa verið sviptir frelsi sínu, gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu með forvarnaaðgerðum, öðrum en á sviði réttarfars, byggðum á reglubundnum heimsóknum á staði þar sem einstaklingar eru í gæslu,

hafa orðið ásátt um eftirfarandi:

I. hluti.

Almennar meginreglur.

1. gr.

Markmiðið með bókun þessari er að koma á fyrirkomulagi reglubundinna heimsókna óháðra, alþjóðlegra og innlendra aðila á staði þar sem einstaklingar eru sviptir frelsi sínu, með það fyrir augum að koma í veg fyrir pyndingar og aðra grimmilega, ómannlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

2. gr.

1. Stofna skal undirnefnd um forvarnir gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu sem er undirnefnd nefndarinnar gegn pyndingum (hér á eftir nefnd undirnefnd um forvarnir) og skal hún gegna því hlutverki sem mælt er fyrir um í bókun þessari.
2. Undirnefndin um forvarnir skal starfa á grundvelli sáttmála Sameinuðu þjóðanna og skal taka mið af tilgangi og meginreglum hans, svo og viðmiðunum Sameinuðu þjóðanna um meðferð einstaklinga sem sviptir eru frelsi sínu.
3. Á sama hátt skal undirnefndin um forvarnir starfa á grundvelli meginreglna um þagnarskyldu, óhlutdrægni, jafnstöðu, algildi og hlutlægni.
4. Undirnefndin um forvarnir og aðildarríkin skulu starfa saman að framkvæmd bókunar þessarar.

3. gr.

Sérhvert aðildarríki skal koma á fót, tilnefna eða hafa jafnan innanlands einn eða fleiri aðila sem annast heimsóknir til að koma í veg fyrir pyndingar og aðra grimmilega, ómannlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu (hér á eftir nefndir innlendir forvarnaaðilar).

4. gr.

1. Sérhvert aðildarríki skal leyfa, í samræmi við ákvæði bókunar þessarar, heimsóknir þeirra aðila sem um getur í 2. og 3. gr. á alla staði innan lögsögu og undir yfirráðum þess, þar sem einstaklingar eru eða kunna að vera sviptir frelsi sínu, annaðhvort samkvæmt fyrirmælum opinberra aðila, að undirlagi þeirra, með samþykki þeirra eða þegar slík frelissvipting er látin átölulaus af þeirra hálfu (hér á eftir nefndir staðir þar sem einstaklingar eru í gæslu). Þessar heimsóknir skulu farnar í því skyni að auka, ef þess er þörf, vernd þessara einstaklinga gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.
2. Í bókun þessari merkir frelissvipting hvers konar hald eða fangelsun eða færslu einstaklings í gæsluáðstöðu, opinbera eða á vegum einkaaðila, þar sem hann er ekki frjáls ferða sinna, samkvæmt fyrirmælum yfirvalds á sviði réttarfars, stjórnsýslu eða annars yfirvalds.

II. hluti.

Undirnefnd um forvarnir.

5. gr.

1. Undirnefndin um forvarnir skal skipuð tíu nefndarmönnum. Eftir fimmtugustu fullgildingu eða aðild að bókun þessari skal nefndarmönnum í undirnefndinni um forvarnir fjölgað í tuttugu og fimm.
2. Nefndarmenn í undirnefndinni um forvarnir skulu valdir úr hópi hinna grandvörustu manna, þeir skulu hafa vottaða faglega reynslu á sviði réttarvörslu, einkum refsiréttar, stjórnsýslu viðvíkjandi fangelsum eða lögreglu eða á hinum ýmsu sviðum sem varða meðferð einstaklinga sem hafa verið sviptir frelsi sínu.

3. Við samsetningu undirnefndarinnar um forvarnir skal taka tilhlýðilegt tillit til sanngjarnrar landfræðilegrar dreifingar og til fyrirsvars ólíkra menningarhópa og réttarkerfa aðildarríkjanna.
4. Við fyrrnefnda samsetningu skal einnig huga að jöfnu fyrirsvari kynjanna á grundvelli meginreglna um jafnræði og bann við mismunun.
5. Engir tveir nefndarmenn í undirnefndinni um forvarnir mega vera ríkisborgarar sama ríkis.
6. Nefndarmenn í undirnefndinni um forvarnir skulu starfa sem sjálfstæðir einstaklingar, vera óháðir og óhlutdrægir og reiðubúnir til að starfa ötullega í nefndinni um forvarnir.

6. gr.

1. Sérhvert aðildarríki getur, í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar, tilnefnt allt að tvo aðila sem hafa tilskylda hæfni og uppfylla þær kröfur sem settar eru fram í 5. gr. og skal þá veita ítarlegar upplýsingar um hæfni þeirra sem eru tilnefndir.
2.
 - a) Þeir sem tilnefndir eru skulu hafa ríkisfang ríkis sem er aðili að bókun þessari.
 - b) Að minnsta kosti annar aðilanna tveggja skal hafa ríkisfang þess aðildarríkis sem tilnefnir hann.
 - c) Ekki skal tilnefna fleiri en tvo ríkisborgara aðildarríkis.
 - d) Áður en aðildarríki tilnefnir ríkisborgara annars aðildarríkis skal það leita eftir og fá samþykki þess aðildarríkis.
3. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal, eigi síðar en fimm mánuðum fyrir þann dag þegar aðildarríkin halda þann fund þar sem kosningin fer fram, senda aðildarríkjunum bréf þar sem þeim er boðið að leggja fram tilnefningar sínar innan þriggja mánaða. Aðalframkvæmdastjórinn skal leggja fram lista í stafrófsröð yfir alla einstaklinga, sem þannig eru tilnefndir, þar sem fram kemur hvaða aðildarríki hafa tilnefnt þá.

7. gr.

1. Nefndarmenn í undirnefndinni um forvarnir skulu kjörnir á eftirfarandi hátt:
 - a) fyrst og fremst skal huga að því að kröfur og viðmiðanir skv. 5. gr. bókunar þessarar séu uppfylltar,
 - b) fyrsta kosningin skal fara fram eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku bókunar þessarar,
 - c) aðildarríkin skulu kjósa nefndarmenn í undirnefndina um forvarnir með leynilegri atkvæðagreiðslu,
 - d) kosning nefndarmanna í undirnefndina um forvarnir skal fara fram á fundum aðildarríkjanna sem aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna boðar til á tveggja ára fresti. Á fundum þessum, þar sem tveir þriðju fulltrúa aðildarríkjanna teljast ákvörðunarbær meirihluti, skulu þeir einstaklingar kjörnir til setu í undirnefndinni um forvarnir sem hljóta flest atkvæði og hreinan meirihluta atkvæða fulltrúa aðildarríkjanna sem eru viðstaddir og greiða atkvæði.

2. Teljist tveir ríkisborgarar aðildarríkis gjaldgengir til starfa sem nefndarmenn í undirnefndinni um forvarnir meðan á kosningaferlinu stendur, skal sá aðili sem fær fleiri atkvæði gegna starfi nefndarmanns í undirnefndinni um forvarnir. Hafi ríkisborgarar fengið sama atkvæðafjölda skal viðhafa eftirfarandi verklag:

a) hafi aðeins einn verið tilnefndur af hálfu þess aðildarríkis þar sem hann eða hún hefur ríkisfang, skal sá ríkisborgari gegna starfi nefndarmanns í undirnefndinni um forvarnir,

b) hafi báðir aðilar verið tilnefndir af hálfu þess aðildarríkis þar sem þeir hafa ríkisfang, skal halda sérstaka kosningu með leynilegri atkvæðagreiðslu til að ákveða hvor þeirra skuli gegna starfi nefndarmanns,

c) hafi hvorugur aðilanna verið tilnefndur af hálfu þess aðildarríkis þar sem hann eða hún hefur ríkisfang, skal halda sérstaka kosningu með leynilegri atkvæðagreiðslu til að ákveða hvor aðilanna skuli gegna starfi nefndarmanns.

8. gr.

Falli nefndarmaður í undirnefndinni um forvarnir frá eða segi af sér eða geti af einhverjum ástæðum ekki gegnt skyldum sínum lengur, skal aðildarríkið, sem tilnefndi hann, tilnefna annan gjaldgengan einstakling, sem hefur tilskylda hæfni og uppfyllir þær kröfur sem settar eru fram í 5. gr., að teknu tilliti til nauðsynlegs jafnvægis milli mismunandi hæfnissviða, til að gegna starfinu fram að næsta fundi aðildarríkjanna, með fyrirvara um samþykki meirihluta þeirra. Samþykki telst hafa fengist nema helmingur aðildarríkjanna eða fleiri svari neitandi innan sex vikna frá því að aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna tilkynnir þeim um þá tilnefningu sem gerð er tillaga um.

9. gr.

Nefndarmenn í undirnefndinni um forvarnir skulu kjörnir til fjögurra ára. Þeir skulu gjaldgengir til endurkjörs einu sinni séu þeir tilnefndir á ný. Kjörtímabili helmingss þeirra nefndarmanna sem kosnir eru í fyrstu kosningu skal ljúka að tveimur árum liðnum; strax að lokinni fyrstu kosningu skal fundarstjóri þess fundar sem um getur í d-lið 1. mgr. 7. gr. velja nöfn þessara nefndarmanna með hlutkesti.

10. gr.

1. Undirnefndin um forvarnir kýs fulltrúa sína til tveggja ára í senn. Þá má endurkjósa.
2. Undirnefndin um forvarnir setur sér sjálf starfsreglur.

Reglurnar skulu meðal annars kveða á um:

- a) að ákvörðunarbær meirihluti sé helmingur nefndarmanna að einum viðbættum,
- b) að ákvarðanir undirnefndarinnar um forvarnir skuli teknar með meirihluta atkvæða viðstaddra nefndarmanna,
- c) að undirnefndin um forvarnir komi saman fyrir luktum dyrum.

3. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal boða til fyrsta fundar undirnefndarinnar um forvarnir. Eftir fyrsta fund sinn skal undirnefndin um forvarnir koma saman eftir því sem kveðið er á um í starfsreglum hennar. Undirnefndin um forvarnir og nefndin gegn pyndingum skulu halda fundi sína samtímis minnst einu sinni ár hvert.

III. HLUTI

Umboð undirnefndarinnar um forvarnir.

11. gr.

Undirnefndin um forvarnir skal:

- a) heimsækja þá staði sem um getur í 4. gr. og beina tilmælum til aðildarríkjanna um vernd einstaklinga, sem hafa verið sviptir frelsi sínu, gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu,
- b) að því er varðar innlenda forvarnaaðila:
 - i. leiðbeina og aðstoða aðildarríki, þegar þess er þörf, við að koma þeim á fót,
 - ii. viðhalda beinum tengslum, í trúnaði ef þörf krefur, við innlenda forvarnaaðila og bjóða þeim þjálfun og tæknilega aðstoð með það fyrir augum að auka getu þeirra,
 - iii. leiðbeina og aðstoða þær við að meta þörf og úrræði sem eru nauðsynleg til að auka vernd einstaklinga, sem hafa verið sviptir frelsi sínu, gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu,
 - iv. beina tilmælum og athugasemdum til aðildarríkjanna með það fyrir augum að auka getu og styrkja umboð innlendra forvarnaaðila til að koma í veg fyrir pyndingar og aðra grimmilega, ómannlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu,
- c) eiga samstarf, til að koma í veg fyrir pyndingar almennt, við viðkomandi stofnanir og aðila innan Sameinuðu þjóðanna, sem og við alþjóðlegar, svæðisbundnar og innlendar stofnanir eða samtök sem vinna að því að auka vernd allra einstaklinga gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

12. gr.

Í því skyni að gera undirnefndinni um forvarnir kleift að starfa samkvæmt umboði sínu, eins og mælt er fyrir um í 11. gr., skuldbinda aðildarríkin sig til þess að:

- a) taka á móti undirnefndinni um forvarnir á yfirráðasvæði sínu og veita henni aðgang að þeim stöðum sem skilgreindir eru í 4. gr. bókunar þessarar,
- b) veita allar viðeigandi upplýsingar sem undirnefndin um forvarnir kann að óska eftir til að leggja mat á þær þarfir og aðgerðir sem grípa ætti til í því skyni að auka vernd einstaklinga, sem hafa verið sviptir frelsi sínu, gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu,
- c) hvetja til og greiða fyrir samskiptum milli undirnefndarinnar um forvarnir og innlendra forvarnaaðila,
- d) kynna sér tilmæli undirnefndarinnar um forvarnir og efna til skoðanaskipta við hana um hugsanlegar aðgerðir til að koma þeim í framkvæmd.

13. gr.

1. Undirnefndin um forvarnir skal koma á áætlun, með hlutkesti fyrst í stað, um reglubundnar heimsóknir til aðildarríkjanna til að hún geti unnið samkvæmt umboði sínu eins og kveðið er á um í 11. gr.

2. Að höfðu samráði skal undirnefndin um forvarnir tilkynna aðildarríkjunum um áætlun sína svo þau geti þegar í stað gert nauðsynlegar og hagnýtar ráðstafanir vegna fyrirhugaðra heimsókna.

3. Að minnsta kosti tveir nefndarmenn í undirnefndinni um forvarnir skulu standa að heimsóknunum. Þessir nefndarmenn geta, ef þörf krefur, haft í fylgd með sér sérfræðinga sem sýnt hefur verið fram á að hafi til að bera faglega reynslu og þekkingu á þeim sviðum sem falla undir bókun þessa og skulu þeir valdir af lista yfir sérfræðinga sem hefur verið tekinn saman á grundvelli tillagna aðildarríkjanna, embættis mannréttindafulltrúa Sameinuðu þjóðanna og miðstöðvar Sameinuðu þjóðanna um alþjóðlegar glæpaforvarnir. Þegar listinn er tekinn saman skulu viðkomandi aðildarríki gera tillögu um mest fimm innlenda sérfræðinga. Viðkomandi aðildarríki getur andmælt því að tiltekinn sérfræðingur fari í heimsóknina og skal undirnefndin um forvarnir þá gera tillögu um annan sérfræðing.

4. Telji undirnefndin um forvarnir það viðeigandi, getur hún gert tillögu um stutta heimsókn reglubundinni heimsókn til eftirfylgni.

14. gr.

1. Til að gera undirnefndinni um forvarnir kleift að starfa samkvæmt umboði sínu skuldbinda þau ríki sem eru aðilar að bókun þessari sig til að veita henni:

a) ótakmarkaðan aðgang að öllum upplýsingum um fjölda þeirra einstaklinga sem hafa verið sviptir frelsi sínu á stöðum þar sem einstaklingar eru í gæslu, eins og skilgreint er í 4. gr., sem og um fjölda og staðsetningu þeirra,

b) ótakmarkaðan aðgang að öllum upplýsingum sem varða meðferð fyrrnefndra einstaklinga sem og um aðstæður þeirra,

c) með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. hér á eftir, ótakmarkaðan aðgang að öllum stöðum þar sem einstaklingar eru í gæslu, uppsettum búnaði þar og aðstöðu,

d) tækifæri til þess að eiga einkaviðtöl við þá einstaklinga sem hafa verið sviptir frelsi sínu, án vitna, annaðhvort persónulega eða með aðstoð túlks, ef það telst nauðsynlegt, sem og við hvern þann einstakling annan sem undirnefndin um forvarnir telur að geti veitt upplýsingar sem málið varða,

e) frelsi til að velja þá staði sem hún óskar eftir að heimsækja og þá einstaklinga sem hún óskar eftir að ræða við.

2. Einungis er heimilt að mótmæla heimsókn á tiltekinn stað þar sem einstaklingar eru í gæslu af brýnum og knýjandi ástæðum er varða landvarnir, almannaöryggi, náttúruhamfarir eða alvarlegan glundroða á þeim stað sem til stendur að heimsækja sem koma tímabundið í veg fyrir slíka heimsókn. Aðildarríki skal ekki skírskota til tilvistar yfirlýsts neyðarástands sem slíks sem ástæðu fyrir því að mótmæla heimsókn.

15. gr.

Ekkert yfirvald eða opinber starfsmaður skal fyrirskipa, beita, leyfa eða láta átölulaus nein viðurlög gegn nokkrum einstaklingi eða samtökum fyrir að hafa veitt undirnefndinni um forvarnir eða fulltrúum hennar upplýsingar, hvort heldur þær eru réttar eða rangar, og engan slíkan einstakling eða samtök skal skaða á nokkurn annan hátt.

16. gr.

1. Undirnefndin um forvarnir skal senda tilmæli sín og athugasemdir til viðkomandi aðildarríkis sem trúnaðarmál og, ef við á, til innlendra forvarnaaðila.

2. Undirnefndin um forvarnir skal birta skýrslu sína ásamt athugasemdum viðkomandi aðildarríks, hvenær sem aðildarríkið fer fram á það. Birti aðildarríkið hluta skýrslunnar getur undirnefndin um forvarnir birt skýrsluna í heild eða að hluta. Ekki skal þó birta neinar persónuupplýsingar nema með afdráttarlausu samþykki viðkomandi einstaklings.

3. Undirnefndin um forvarnir skal láta nefndinni gegn pyndingum í té opinbera ársskýrslu um starfsemi sína.

4. Hafni viðkomandi aðildarríki samstarfi við undirnefndina um forvarnir samkvæmt ákvæðum 12. og 14. gr. eða neiti að gera ráðstafanir til að bæta aðstæður í ljósi tilmæla undirnefndarinnar um forvarnir, getur nefndin gegn pyndingum ákveðið, að beiðni undirnefndarinnar um forvarnir og með meirihluta atkvæða nefndarmanna, eftir að aðildarríkið hefur fengið tækifæri til að koma sjónarmiðum sínum á framfæri, að birta opinbera yfirlýsingu um málið eða birta skýrslu undirnefndarinnar um forvarnir.

IV. HLUTI

Innlendir forvarnaaðilar.

17. gr.

Sérhvert aðildarríki skal viðhalda, tilnefna eða koma á fót, eigi síðar en einu ári eftir gildistöku bókunar þessarar eða fullgildingu eða aðild að henni, einum eða fleiri óháðum, innlendum forvarnaaðilum til að koma í veg fyrir pyndingar innanlands. Tilnefna má aðila, sem sjálfstæðar einingar koma á fót, til að gegna hlutverki innlendra forvarnaaðila að því er varðar bókun þessa, ef þeir samrýmast ákvæðum hennar.

18. gr.

1. Aðildarríkin skulu ábyrgjast sjálfstæði innlendra forvarnaaðila í starfi og sjálfstæði starfsfólks þeirra.
2. Aðildarríkin skulu grípa til nauðsynlegra aðgerða til að tryggja að sérfræðingar innlends forvarnaaðila búi yfir tilskilinni hæfni og sérfræðisþekkingu. Þau skulu leitast við að halda jöfnu kynjahlutfalli og fullnægjandi fyrirsvari þjóðarbrotu og minnihlutahópa í landinu.
3. Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að sjá innlendum forvarnaaðilum fyrir nauðsynlegum aðföngum fyrir starfsemi sína.
4. Þegar innlendum forvarnaaðilum er komið á fót skulu aðildarríkin taka tilhlýðilegt tillit til þeirra undirstöðuatriða sem varða stöðu innlendra stofnana sem vinna að framgangi og vernd mannréttinda.

19. gr.

Innlendum forvarnaaðilum skal að lágmarki veitt heimild til:

a) að kanna reglubundið meðferð einstaklinga, sem hafa verið sviptir frelsi sínu, á stöðum þar sem einstaklingar eru í gæslu, eins og skilgreint er í 4. gr., með það að markmiði að auka, ef þörf krefur, vernd þeirra gegn pyndingum og annarri grimmilegri, ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu,

b) að beina tilmælum til viðkomandi yfirvalda í því skyni að bæta meðferð og aðstæður þeirra einstaklinga sem hafa verið sviptir frelsi sínu og koma í veg fyrir pyndingar og aðra grimmilega, ómannlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, að teknu tilliti til viðeigandi viðmiðana Sameinuðu þjóðanna,

c) að leggja fram tillögur og gera athugasemdir við gildandi löggjöf eða frumvarpsdrög.

20. gr.

Til að gera innlendum forvarnaaðilum kleift að starfa samkvæmt umboði sínu skuldbinda þau ríki sem eru aðilar að bókun þessari sig til þess að veita þeim:

a) aðgang að öllum upplýsingum um fjölda þeirra einstaklinga sem eru sviptir frelsi sínu á stöðum þar sem einstaklingar eru í gæslu, eins og skilgreint er í 4. gr., og um fjölda og staðsetningu slíkra staða,

b) aðgang að öllum upplýsingum sem varða meðferð þessara einstaklinga og aðstæður þeirra í gæslu,

c) aðgang að öllum stöðum þar sem einstaklingar eru í gæslu, uppsettum búnaði þar og aðstöðu,

d) tækifæri til þess að eiga einkaviðtöl við þá einstaklinga sem hafa verið sviptir frelsi sínu, án vitna, annaðhvort persónulega eða með aðstoð túlks, ef það telst nauðsynlegt sem og við hvern þann einstakling annan sem viðkomandi innlendir forvarnaaðili telur að geti veitt upplýsingar sem málið varða,

e) frelsi til að velja þá staði sem þær óska eftir að heimsækja og þá einstaklinga sem þær óska eftir að ræða við,

f) rétt til þess að eiga samskipti við undirnefndina um forvarnir, til að senda henni upplýsingar og til að funda með henni.

21. gr.

1. Ekkert yfirvald eða opinber starfsmaður skal fyrirskipa, beita, leyfa eða láta átölulaus nein viðurlög gegn nokkrum einstaklingi eða samtökum fyrir að hafa veitt innlendum forvarnaaðila upplýsingar, hvort heldur þær eru réttar eða rangar, og engan slíkan einstakling eða samtök skal skaða á nokkurn annan hátt.

2. Trúnaðarupplýsingar, sem innlendir forvarnaaðili hefur aflað, skulu háðar þagnarskyldu. Ekki skal birta neinar persónuupplýsingar nema með afdráttarlausu samþykki viðkomandi einstaklings.

22. gr.

Lögbær yfirvöld viðkomandi aðildarríkis skulu kynna sér tilmæli innlends forvarnaaðila og efna til skoðanaskipta við hann um hugsanlegar aðgerðir til að koma þeim í framkvæmd.

23. gr.

Ríkin, sem eru aðilar að bókun þessari, skuldbinda sig til að birta og miðla ársskýrslum hinna innlendu forvarnaaðila.

V. HLUTI

Yfirlýsing.

24. gr.

1. Við fullgildingu geta aðildarríki gefið út yfirlýsingu um frestun á framkvæmd skuldbindinga sinna samkvæmt annaðhvort III. eða IV. hluta bókunar þessarar.
2. Þessi frestun skal að hámarki gilda í þrjú ár. Eftir að aðildarríki hefur gert tilhlýðilega grein fyrir máli sínu og að höfðu samráði við undirnefndina um forvarnir, getur nefndin gegn pyndingum framlengt fyrirnefnt tímabil um tvö ár til viðbótar.

VI. HLUTI

Fjárhagsákvæði.

25. gr.

1. Sameinuðu þjóðirnar skulu bera þann kostnað sem undirnefndin um forvarnir hefur af framkvæmd ákvæða bókunar þessarar.
2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal sjá undirnefndinni um forvarnir fyrir nauðsynlegu starfsliði og aðstöðu til þess að hún geti sinnt störfum sínum samkvæmt bókun þessari á skilvirkan hátt.

26. gr.

1. Stofna skal sérstakan sjóð í samræmi við viðeigandi málsmeðferð allsherjarþingsins, en umsýsla hans skal vera í samræmi við reglugerðir og reglur Sameinuðu þjóðanna um fjárhagsmálefni, til að auðvelda fjármögnun framkvæmdar tilmæla undirnefndarinnar um forvarnir að lokinni heimsókn til aðildarríkis sem og fjármögnun fræðsluáætlana innlendra forvarnaaðila.
2. Heimilt er að fjármagna hinn sérstaka sjóð með frjálsum framlögum ríkisstjórna, milliríkjastofnana, frjálsra félagasamtaka og annarra einkaaðila eða opinberra aðila.

VII. HLUTI

Lokaákvæði.

27. gr.

1. Bókun þessi liggur frammi til undirritunar fyrir hvert það ríki sem hefur undirritað samninginn.
2. Bókun þessi er háð fullgildingu þeirra ríkja sem hafa fullgilt samninginn eða gerst aðilar að honum. Skjöl um fullgildingu skulu afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.
3. Aðild að bókun þessari er opin öllum ríkjum sem hafa fullgilt samninginn eða gerst aðilar að honum.
4. Aðild tekur gildi þegar aðildarskjal er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.
5. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal tilkynna öllum ríkjum, sem hafa undirritað bókun þessa eða gerst aðilar að henni, um hverja afhendingu skjals um fullgildingu eða aðild til vörslu.

28. gr.

1. Bókun þessi öðlast gildi á þrítugasta degi frá því að tuttugasta skjalið um fullgildingu eða aðild er afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

2. Bókun þessi öðlast gildi gagnvart sérhverju ríki, sem fullgildir bókunina eða gerist aðili að henni eftir að tuttugasta skjalið um fullgildingu eða aðild hefur verið afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu, á þrítugasta degi frá því að skjal þess um fullgildingu eða aðild er afhent til vörslu.

29. gr.

Ákvæði bókunar þessarar gilda alls staðar í sambandsríkjum án nokkurra takmarkana eða undantekninga.

30. gr.

Engir fyrirvarar skulu gerðir við bókun þessa.

31. gr.

Ákvæði bókunar þessarar skulu ekki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkja samkvæmt svæðisbundnum samningum um fyrirkomulag heimsókna á staði þar sem einstaklingar eru í gæslu. Undirnefndin um forvarnir og aðilar, sem komið er á fót samkvæmt slíkum svæðisbundnum samningum, eru hvött til að hafa samráð og samstarf til að koma í veg fyrir tvíverknað og að stuðla að því á skilvirknan hátt að markmiðum bókunar þessarar verði náð.

32. gr.

Ákvæði bókunar þessarar skulu hvorki hafa áhrif á skuldbindingar aðildarríkja samkvæmt Genfarsamningunum fjórum frá 12. ágúst 1949 og viðbótarbókunum við þá frá 8. júní 1977 né á það tækifæri sem öll aðildarríki hafa til að heimila Alþjóðaráði Rauða krossins að heimsækja staði þar sem einstaklingar eru í gæslu við aðstæður sem falla ekki undir alþjóðleg mannúðarlög.

33. gr.

1. Sérhvert aðildarríki getur hvenær sem er sagt upp aðild að bókun þessari með skriflegri tilkynningu til aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna sem skal í kjölfarið tilkynna öðrum aðildarríkjum að bókun þessari og samningnum um það.

Uppsögn skal taka gildi einu ári eftir að aðalframkvæmdastjórinn veitir tilkynningunni viðtöku.

2. Slík uppsögn skal ekki leiða til þess að aðildarríki sé leyst undan skuldbindingum sínum samkvæmt bókun þessari hvað varðar verknað eða ástand sem kann að eiga sér stað fyrir gildistökudag uppsagnarinnar eða hvað varðar aðgerðir sem undirnefndin um forvarnir hefur ákveðið eða kann að ákveða að grípa til gagnvart viðkomandi aðildarríki, né skal uppsögn torvela með nokkrum hætti áframhaldandi umfjöllun um mál sem þegar er til skoðunar hjá undirnefndinni um forvarnir fyrir gildistökudag uppsagnarinnar.

3. Eftir þann dag þegar uppsögn aðildarríkis tekur gildi skal undirnefndin um forvarnir ekki hefja umfjöllun um nýtt mál er varðar það ríki.

34. gr.

1. Sérhverju aðildarríki að bókun þessari er heimilt að gera tillögu um breytingu og leggja hana fyrir aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna. Skal aðalframkvæmdastjórinn þá senda aðildarríkjum að bókun þessari breytingartillöguna með ósk um að þau tilkynni honum hvort þau séu hlynnt því að haldin verði ráðstefna aðildarríkja í þeim tilgangi að fjalla um og greiða atkvæði um tillöguna. Komi í ljós, innan fjögurra mánaða frá dagsetningu slíkrar framlagningar breytingartillögu, að minnst þriðjungur aðildarríkjanna sé fylgjandi slíkri ráðstefnu, skal aðalframkvæmdastjórinn boða til ráðstefnunnar á vegum Sameinuðu þjóðanna. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal leggja fyrir öll aðildarríki til staðfestingar sérhverja breytingu sem meirihluti þeirra aðildarríkja sem sækja ráðstefnuna og greiða atkvæði samþykkir með tveimur þriðju hlutum atkvæða.

2. Breyting, sem er samþykkt skv. 1. mgr. þessarar greinar, tekur gildi þegar meirihluti aðildarríkja að bókun þessari, sem nemur tveimur þriðju hlutum, hefur staðfest hana í samræmi við stjórnskipulega málsmeðferð hvers ríkis um sig.

3. Þegar breytingar taka gildi eru þær bindandi fyrir þau aðildarríki sem hafa samþykkt þær, á meðan önnur aðildarríki eru ennþá bundin af ákvæðum bókunar þessarar og öllum fyrri breytingum sem þau hafa samþykkt.

35. gr.

Veita skal nefndarmönnum undirnefndarinnar um forvarnir og starfsmönnum innlendra forvarnaaðila þau sérréttindi og þá friðhelgi sem eru nauðsynleg til þess að þeir geti sinnt verkefnum sínum á sjálfstæðan hátt. Veita skal nefndarmönnum í undirnefndinni um forvarnir þau sérréttindi og þá friðhelgi sem eru tilgreind í 22. hluta samningsins um réttindi og friðhelgi Sameinuðu þjóðanna frá 13. febrúar 1946, samanber þó ákvæði 23. hluta þess samnings.

36. gr.

Í heimsóknum sínum til aðildarríkis skulu nefndarmenn undirnefndarinnar um forvarnir, með fyrirvara um ákvæði og tilgang bókunar þessarar og þau sérréttindi og þá friðhelgi sem þeir kunna að njóta:

- a) virða lög og reglur þess ríkis sem er heimsótt,
- b) forðast að aðhafast nokkuð það sem ekki samræmist óhlutdrægu og alþjóðlegu eðli skyldustarfa þeirra.

37. gr.

1. Bókun þessi, en textar hennar á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir, skal afhent aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna til vörslu.

2. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal senda öllum ríkjum staðfest endurrit af bókun þessari.